

Mánudagur 3. maí 1982.

Nr. 180/1981. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson,
settur vararíkissaksóknari)

gegn

Jónsteini Jenssyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarmannir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu með stefnu 19. júní 1981 að ósk ákærða. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip barst Hæstarétti 26. nóvember 1981.

Ríkissaksóknari hefur lýst yfir því hér fyrir dómi, að horfið sé frá ívitnun í ákæruskjali 28. janúar 1981 í áfengis- lög nr. 82/1969, 1. mgr. 24. gr. og 33. gr., sbr. lög nr. 52/1978.

Héraðsdómari hefur réttilega sakfelld ákærða samkvæmt sakargögnum. Varðar atferli ákærða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, 1. gr. Hér er um ítrekað brot að ræða, og þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 15 daga varð- hald. Þá ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga að svipta hann ævilangt ökuleyfi frá birtingu héraðsdóms að telja. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað. Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar við áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og máls- varnarlaun skipaðs verjanda hans, 2.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jónsteinn Jensson, sæti 15 daga varðhaldi. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu héraðs- dóms 5. maí 1981 að telja.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera ó- raskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjalta-sonar hæstaréttarlögmans, 2.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Siglufjarðar 17. mars 1981.

Ár 1981, þriðjudaginn 17. mars, var í sakadómi Siglufjarðar af Halldóri Þ. Jónssyni bæjarfógeta upp kveðinn dómur í sakadóms-málinu nr. 121/1980: Ákærvaldið gegn Jónsteini Jenssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af ákærvaldinu með ákæru, útgefinni af rikissaksóknara 28. janúar 1981, á hendur Jónsteini Jenssyni sjómanni, Túngötu 43 á Siglufirði, fyrir að aka aðfaranótt föstudagsins 28. nóvember 1980 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum bifreiðinni A 7144 frá Hólavegi á Siglufirði um götur þar í bænum, uns ákærði hætti akstrinum vegna afskipta lögreglu í sundi milli frystihúss Þormóðs ramma og rafmagnsverkstæðis Síldarverksmiðja ríkisins.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur í Vestmannaeyjum 21. nóvember 1959 og hefur áður sætt refsingum sem hér segir:

1980 29/9 á Siglufirði: Sátt, 100.000 króna sekt fyrir brot á 20. gr., 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 11. ágúst 1980.

Málsatvik eru þessi:

Aðfararnótt föstudagsins 28. nóvember 1980 var lögreglubifreið stödd á gatnamótum Túngötu og Eyrargötu á Siglufirði, kl. 0230, og sá lögreglumaður, sem í bifreiðinni var, að bifreiðinni A 7144 var ekið norður Túngötu og beygt austur Eyrargötu.

Lögreglubifreiðin fylgdi bifreiðinni eftir austur Eyrargötu og sem leið lá niður á verksmiðjulóð Síldarverksmiðja ríkisins, en í sundi milli frystihúss Þormóðs ramma h/f og rafmagnsverkstæðis

SR stöðvaði ökumaður A 7144 bifreiðina, stökk út úr henni og tók til fótanna. Lögreglumaður fylgdi honum eftir og náði að stöðva hann á Aðalgötu, og telur lögreglumaðurinn sig aldrei hafa misst sjónar á honum.

Ökumaðurinn reyndist vera ákærði í máli þessu, og þar sem hann virtist vera undir áhrifum áfengis, var hann færður á lög-reglustöðina, þar sem læknir tók úr honum blóðsýni til alkóhól-ákvörðunar, kl. 0330.

Ákærði skýrir svo frá fyrir dómi, að hann hafi verið búinn að neyta áfengis bæði daginn áður og sama dag og umræddur akstur átti sér stað.

Einhvern tíma eftir miðnætti hafi hann farið út úr húsinu nr. 17 við Hólaveg og gengið niður að gatnamótum Túngötu og Eyrargötu, en skammt frá þeim hafi bifreið hans, A 7144, staðið.

Ákærði kveðst hafa sest undir stýri bifreiðarinnar og ekið henni eftir Eyrargötu og síðan inn í sund milli hraðfrystihúss Þormóðs ramma og rafmagnsverkstæðis SR, en þar hafi hann fest bifreiðina í skafli og yfirgefið hana og gengið út á Aðalgötu, þar sem lögreglumaður hafi handtekið hann og fært hann á lög-reglustöðina.

Ákærði segir ástæðuna til þess, að hann ók inn í umrætt sund, hafa verið þá, að hann veitti því athygli, að bifreið var ekið á eftir honum austur Eyrargötu.

Ákærði segist hafa verið „rétt mildur“ við aksturinn, en neitar að hafa neytt áfengis, á meðan á akstrinum stóð.

Magn alkóhóls í blóði ákærða reyndist vera 1.09%.

Ákærði var sviptur ökuleyfi í sakadómi Siglufjarðar 29. september 1980 í 6 mánuði frá 11. ágúst 1980 að telja.

Með því, sem hér hefur verið rakið, þykir nægjanlega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um það atferli, sem honum er í ákæru gefið að sök og þar er réttilega fært til refsíákvæða.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin krónur 1.800.00 í sekt til ríkissjóðs.

Þá ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengis-laga að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Jónsteinn Jenson, greiði krónur 1.800.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævinlangt.
 Ákærði greiði allan sakarkostnað.
 Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 3. maí 1982.

Nr. 198/1979. **Unnar Þór Böðvarsson**
 (Ingi R. Helgason hrl.)
 gegn
Bjarna Hákonarsyni
 (Páll S. Pálsson hrl.)
landbúnaðarráðherra
vegna landnámsstjórnar ríkisins og
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
 (Sigurður Ólason hrl.).

Ábúð. Stjórnsýsla. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Sigurgeir Jónsson og Magnús Thoroddsen ásamt prófessorunum Arnljóti Björnssyni og Gauki Jörundssyni.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. nóvember 1979. Hann gerir þær dómkröfur, að allar kröfur hans í héraði verði teknar til greina, en þær eru eftirfarandi:

„1. Að felld verði úr gildi með dómi sem ólögmet stjórnvaldsathöfn taka jarðarinnar Tungumúli í Barðastranda-hreppi úr tölu lögbýla og sameining hennar við jörðina Haga í sama hreppi, sem gerð var með ákvörðun Nýbýlastjórnar hinn 23. ágúst 1965 og að Landnámsstjórn, sem tók við verkefnum Nýbýlastjórnar með lögum 45/1971, verði gert að afmá úr Veðmálabókum Barðastrandasýslu yfirlýsingu eða bréf Landnámsstjóra dags. 23. ágúst 1965, merktu Litra G 1 nr. 36.